



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Keflavík 27. mars 1985

97. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn 26/3 1985. Fundinn sóttu: Ingólfur Halldórsson, settur skólameistari, Gunnar Sveinsson, formaður skólanefndar, Bogi G. Hallgrímsson, Ingi Gunnarsson, Ingimundur Þ. Guðnason, Eggert Ólafsson, Ómar Bjarnbórsson, Hreinn Ásgrímsson, Edda Rós Karlsdóttir, fulltrúi nemenda og Gísli Torfason, fulltrúi kennara.

1. Formaður setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna. Hann kvað aðeins eitt mál bókað á dagskrá, val í stöðu skólameistara. Hann lýsti málinu og gaf síðan fulltrúum orðið. Eftir nokkrar umræður var ákveðið að kosning skvldi vera leynileg.

Atkvæði féllu þannig: Hjálmar Árnason fékk 5 atkvæði, aðrir seðlar voru tveir.

2. Formaður bað skólameistara að lýsa hvernig mál stæðu nú er starf hefði hafist aftur og kvað skólameistari að allir kennarar hefðu mætt að einum undanteknum, Hermanní Bjarnasvni. Stöðu hans þyrfti að auglýsa strax. Fundur yrði hjá kennurum á morgun (27.) og þar yrðu ákvarðanir teknar um skipulag skólastarfsins til vors.

3. Skólameistari las bréf frá Sigurði Erlendssyni, kennara. Bréfið var stílað til skólanefndar og fór Sigurður fram á að verða stvrktur til bátttöku í 18 daga námsskeiði í Gautaborg í Svíþjóð.

Skólanefnd var sammála um að margt væri of óljóst í þessu bréfi og ekki væru til ráðstöfunar peningar í þessu skyni og yrði því að hafna því.

Hins vegar væri nauðsyn að skólanefnd beitti sér fyrir því að hafa til ráðstöfunar nokkurt fjármagn til að geta stvrkt kennara til kostnaðarsamra námsskeiða sem talin væru koma skólanum vel.

Fleira ekki gert.

Bogi G. Hallgrímsson

Bogi Hallgrímsson,
fundarritari.

Ingólfur Halldórsson

Ingólfur Halldórsson,